ÁRSSKÝRSLA 2021

Rauði krossinn
höfuðborgarsvæðinu

Ábyrgðarmaður: Marín Þórsdóttir
Forsíðumynd: Garðar Sölvi Helgason, ljósmyndari Sabrina Olivia Meyns
Hönnun og umbrot: Argh!
Prentun: GuðjónÓ

Efnisyfirlit

Ávarp formanns og forstöðumanns 4

Sjálfboðaliðar

Sjálfboðaliðar í forgrunni 5
Framúrskarandi sjálfboðaliðar 5
Finding the true meaning of connection 7
Kvennadeild Rauða krossins 8
Starfið í Mosfellsbæ 9

Jaðarsettir hópar

Frú Ragnheiður 10
Nýtt verkefn: Ylja - Neyslurými 13
Vin, fræðslu- og batasetur 14
Garðar Sölvi Helgason: Þakkir til Rauða krossins 17

Innflytjendur og flóttafólk

Fatakort 18
Leiðsöguvinir 18
Gulzan og Daulet á Íslandi í fimm ár 19
Verkefnið Tölum saman 20
Starf með innflytjendum 21

Stjórn, verkefnastjórnir og starfsmenn 22

Ávarp formanns og forstöðumanns Rauða krossins í Reykjavík

Man finnur til ýmissa hughrifa við að setja á sig merki Rauða krossins. Til dæmis auðmýktar við að verða fulltrúi samtakanna og eiga að standa undir því orðspori sem þau bera – hversu lítið sem framlag mans sjálfs annars er. Aftur á móti sækir man styrk í að verða hluti af öflugum og alþjóðlegum hópi sjálfboðaliða og starfsfólks sem hefur skýrt leiðarljós; grundvallarhugsjónir, markmið og leiðir.

Úr leiðarljósinu spretta svo spurningar sem vekja man til ábyrgðar þegar horft er til baka. Til dæmis: Erum við að sinna verkefninu af því að við erum leiðandi á málefnasviðinu og engin geta gert það betur, eða kannski bara af því að við erum orðin vön því? Erum við raunverulega óhlutdræg og sjálfstæð í málsvarastarfi? Erum við örugglega að sinna þeim sem verst standa?

Starf okkar ætti alltaf að sýna merki um slíkar vangaveltur og það má sjá þegar horft er til ársins 2021.

Fyrst má nefna að um mitt sumar urðu kaflaskil í starfseminni þegar rekstur Vinjar sem hefur verið innan vébanda Rauða krossins frá 1993, var færður yfir til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þessi yfirfærsla Vinjar er lík því sem gerst hefur annars staðar, þar sem sveitarfélög hafa tekið við rekstri sambærilegra dagsetra fyrir fólk með geðraskanir: Dvalar, Lækjar og Lautar, sem öll hófu starfsemi sína innan Rauða krossins á sínum tíma. Þetta eru góð dæmi um verkefni sem Rauði krossinn kemur á koppinn og þróar en sem nú eiga betur heima hjá öðrum, í þessu tilviki hjá sveitarfélögum sem sinna notendahópinum að öðru leyti.

Annað dæmi um verkefni sem við höfum dregið okkur úr er Opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk. Í upphafi árs, opnaði ríkið Ráðgjafastofu fyrir innflytjendur (e. New in Iceland) sem þjónustar innflytjendur og flóttafólk með sambærilegum hætti og sjálfboðaliðar í verkefninu Opið hús gerði. Ráðgjafastofan, ólíkt Opna húsi, hefur tök á að vera opin alla virka daga með fjölbreyttan hóp starfsmanna sem sinnir þjónustu og upplýsingagjöf til innflytjenda og flóttafólks.

Jón Ásgeirsson.

Það var því mál að hætta þeirri starfsemi innan Rauða krossins.

Notendur Opna hússins höfðu þó orð á því að söknuður væri að því einstaka andrúmslofti sem myndaðist gjarnan milli sjálfboðaliða og þeirra sem komu í Opið hús. Það er enda ljóst að það er mikið verk að vinna við að bæta samfélagslega stöðu og félagslegt heilbrigði innflytjenda og flóttafólks. Málefni flóttafólks hafa því átt stóran sess í starfi deildarinnar og til dæmis hafa sjálfboðaliðar í verkefninu leiðsögumenn flóttafólks aldrei verið fleiri enda er verndarveitingum stöðugt að fjölga. Það er ljóst að í þessum og tengdum málaflokkum verður deildin að gera enn betur því að í hópi hælisleitenda og flóttafólks er að finna einstaklinga sem eru á ysta jaðri samfélags okkar.

Annar málaflokkur þar sem Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu er leiðandi er skaðaminnkun og notendur hennar eru jafnframt einstaklega viðkvæmur hópur. Teymið sem starfar að Frú Ragnheiði heldur sínu öfluga málasvarastarfi áfram og á árinu samþykktu Sjúkratryggingar Íslands að niðurgreiða kostnað við heilbrigðishluta verkefnisins fyrir komandi starfsár. Er það mikill sigur því hingað til hefur verkefnið reitt sig alfarið

Marín Þórsdóttir.

á frjáls framlög og smærri styrki frá ríki og sveitafélögum.

Þá samdi Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu við Reykjavíkurborg um rekstur á færanlegu neyslurými fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æð en sú starfsemi er að hefja rekstur nú í upphafi árs 2022.

Önnur verkefni deildarinnar hafa haldist nokkuð óbreytt þrátt fyrir áskoranir í kjölfar Covid-19, en prjónahópur í Mosfellsbæ og prjónahópur Kvennadeildarinnar hafa haldið velli þó svo að samkomur þeirra hafi verið ögn færri en á fyrri árum.

Í síbreytilegum heimi er eðlilegt og nauðsynlegt að Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu sé stöðugt að laga sig að aðstæðum en þó með leiðarljós Rauða krossins ávallt í huga.

Við erum vel í stakk búin til þess. Sjálfboðaliðar deildarinnar er öflugur og fjölbreyttur hópur, studdur af starfsfólki sem býr yfir einstakri helgun og sérfræðiþekkingu. Það eru forréttindi að verða vitni að þeim kraftaverkum sem þetta lið vinnur á hverjum degi.

Takk fyrir.

Jón Ásgeirsson formaður og Marín Þórsdóttir forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík.

Sjálfboðaliðar í forgrunni

Í stefnu Rauða krossins til 2030 er lögð áhersla á virkt og gefandi starf sjálfboðaliða. Einn af grunnþáttum í starfsemi okkar er fjölbreyttur hópur sjálfboðaliða sem endurspeglar samfélagsgerðina og veitir okkur kraft og bolmagn til að vinna að þeim fjölmörgu verkefnum sem við sinnum. Við leggjum áherslu á samfélagslega þátttöku ólíkra aðila í starfi félagsins og þjálfum og fræðum þannig að sjálfboðaliðar hafi verkfærin til að takast á við verkefnin sín.

Samræming formlegrar sjálfboðaliða stjórnunar er verkefni í forgangi. Markmiðið er að veita sjálfboðaliðum vettvang til að mæta samfélagslegum áskorunum í nærumhverfinu með þekkingu sinni og hæfni, og á sama tíma öðlast nýja reynslu. Það er mikilvægt að búa sjálfboðaliðum öruggt umhverfi og veita þeim tæki og tól til að mæta áskorunum í starfinu. Við leggjum áherslu á að sjálfboðaliðar fái góða þjálfun á þeim vettvangi sem þeir starfa á og sæki sér aukna þekkingu t.d. í sálrænni fyrstu hjálp og skyndihjálp.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins eru fjölbreyttur hópur fólks á ólíkum aldri og uppruna, og sem býr yfir breiðri þekkingu, reynslu og tungumálakunnáttu. Það er styrkur fyrir félagið að hópurinn sé fjölbreyttur og endurspegli samfélagið. Ýmsar ástæður liggja að baki þess að fólk gerist sjálfboðaliðar. Fólk nefnir m.a. löngun til að vinna að ákveðnum málaflokkum, persónuleg gildi, löngun til nýta þekkingu og öðlast nýja hæfni en öll eiga sameiginlegt að vilja stuðla að betra samfélagi.

Á landsskrifstofu Rauða krossins á Íslandi starfar sérfræðingur í sjálfboðaliðastjórnun sem fer með stefnumótandi hlutverk og er deildum félagsins innan handar með málefni tengd sjálfboðaliðum. Þar geta sjálfboðaliðar og aðrir áhugasamir fengið upplýsingar um ólík verkefni sjálfboðaliða, möguleika í þjálfun og fræðslu og annað sem tengist sjálfboðastörfum. Hjá Rauða krossinum á Íslandi starfa nú um 3.000 sjálfboðaliðar, af þeim um 900 hjá Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu og öll eru hluti af alþjóðlegu neti 19 milljón sjálfboðaliða Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Netfang sjálfboðamiðstöðvar er sjalfbodalidar@redcross.is.

Jón Guðmundsson, Gerður Helgadóttir og Jordi Cortes sjálfboðaliðar í sóttvarnarhúsi.
Ljósm.: Jordi Cortes

Framúrskarandi sjálfboðaliðar

Atli Örn Gunnarsson - Neyðarvarnir

Um sjálfboðastörf Atla:

Atli Örn Gunnarsson hefur starfað sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum á Íslandi síðan 2005. Fyrst um sinn starfaði hann á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 en hefur að mestu starfað við neyðarvarnir síðan 2011.

Meginverkefni Atla hjá félaginu eru búnaðarmál í neyðarvörnum, skyndihjálp og fjöldahjálp. Hann hefur lagt fram mikinn fjölda sjálfboðinna vinnustunda í viðbrögðum Rauða krossins við Covid-19 við útvegun aðfanga, flutninga og birgðamál, vinnu við uppsetningu farsóttarhúsa o.m.fl.

Atli sér að mestu leyti um viðhald á fjöldahjálparbúnaði félagsins sem samanstendur m.a. af kerrum með staðlaðan búnað um allt land.

Atli er ósérhlífinn, harðduglegur og alltaf tilbúinn til aðstoðar þegar á þarf að halda.

Framúrskarandi sjálfboðaliðar

Valdís Steinarsdóttir (Addý) – Frú Ragnheiður

Um sjálfboðastörf Addýar:

Addý hefur verið sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum í mörg ár og í Frú Ragnheiði síðan 2019.

Addý hefur sýnt það að hún er traust og áreiðanleg og alltaf til taks þegar á reynir – stekkur til þegar þarf og sinnir því sem þarf að sinna, hvort sem það lýtur að skjólstæðingum, mönnun vakta eða tölfræðilegri úrvinnslu gagna. Þá hefur hún hvorki látið afmælisdaga eða stórhátíðir á borð við jólin aftra sér frá því að standa vaktina.

Árið 2021 var um margt sérstakt þar sem starfsmannaskipti urðu um mitt sumar og í framhaldi af því drógu aðilar í tölfræðihópi Frúarinnar sig í hlé frá verkefninu. Það var því heilmikil gagnavinnsla sem dreifðist á fáar hendur en Addý tók þá vinnu að sér og innti af hendi með glæsibrag. Fyrir það á hún mikið hrós skilið. ✚

Festim Hasanaj – Vin Fræðslu- og batasetur

Um sjálfboðastörf Festim:

Festim hefur sýnt fádæma staðfestu og trúmennsku í sjálfboðastarfi sínu hér á sunnudagsvöktum yfir dimmustu mánuði ársins, haust og vetrartíma. Með því hefur hann gert gestum Vinjar kleift að nýta úrræðið lengur en venjuleg starfsemi býður upp á en það er ómetanlegt fyrir marga einstaklinga með geðraskanir sem eru í mikilli hættu á að einangrast félagslega. Festim hefur borið sunnudagsvaktirnar uppi frá því hann hóf sjálfboðin störf í Vin og er einstaklega áreiðanlegur og traustsins verður. Hann hefur verið afar vinsæll meðal gesta Vinjar, ekki síst vegna þess að hann gerir far um að sýna og viðhalda góðri nærveru sem er eitt það mikilvægasta sem sjálfboðaliðarnir í Vin hafa í sínu fari. Við í Vin þökkum Festim Hasanaj kærlega fyrir vel unnin störf frá haustinu 2019 og vonum að hann sjái sér fært að vera áfram með okkur. ✚



Þorsteinn Árnason Surmeli – Tölum saman

Um sjálfboðastörf Þorsteins:

Þorsteinn Árnason Surmeli hefur tvisvar verið sjálfboðaliði í Tölum saman verkefninu, í bæði skiptin með ungum karlmönnum frá Palestínu. Þorsteinn var mjög virkur sjálfboðaliði og sinnti sínum tungumálavinum mjög vel. Hann var duglegur að finna upp á nýjum leiðum í verkefninu sérstaklega þegar heimsfaraldur gerði tungumálavinunum erfitt fyrir. Verkefnið er til sex mánaða og tungumálavinirnir hittast einu sinni í viku og æfa íslensku.

Þorsteinn hefur verið virkur sjálfboðaliði frá því að hann byrjaði í verkefninu og hefur mætt á vinakvöld sjálfboðaliða þar sem sjálfboðaliðar deila reynslu sinni af verkefninu með öðrum sjálfboðaliðum, einnig hefur Þorsteinn nokkrum sinnum aðstoðað við þjálfun nýrra sjálfboðaliða með því að deila reynslu sinni á undirbúningsnámskeiði sjálfboðaliða.

Þorsteinn tók einnig nýlega þátt í rýnihóp sjálfboðaliða þar sem verkefnastjórar leituðu eftir endurgjöf á verkefnið og nýjum leiðum til að bæta Tölum saman verkefnið.

Nú hefur Þorsteinn skráð sig í þriðja skiptið í Tölum Saman verkefnið og er því greinilega ekki hættur sjálfboðaliðastörfum með flóttafólki. ✚

Finding the true meaning of connection

Karla Isabella

I sit down face to face with a family who received their status just a few months ago. We start with the usual chat about how different the weather is from our home countries and how many layers of clothes we are wearing, in an attempt to feel some kind of warmth. This is part of my role here in the Refugee Team, holding interviews with people who have received international protection, where we give them information about everyday life in Reykjavík and explain our projects to them. It is brief, but it holds a lot of meaning as people are eager to know everything they can to find ways to start living their everyday life.

Karla er sjálfboðaliði sem kemur til okkar í gegnum ESC verkefni Evrópusambandsins.

In many of these interviews I am lucky enough to have a common language with the person who is sitting in front of me. I grew up in a bilingual household where Spanish and English were intertwined, and what started out as something normal and just a part of my everyday life, has now become one of my most valuable tools. You find a new connection with someone when speaking their native language; they feel more relaxed, a little bit more at home, they ask more questions and share their worries more easily.

People who come in also realize how key language is for them to commence their so called "new" life. This couple shared with me how in love they are with the Icelandic language. They say that although it may be difficult at the beginning, they are excited to carry on learning and be able to have fluent conversations with everyone as they see it as a thank you to Iceland for welcoming them. Later, an older woman seems a bit defeated when I ask her how her Icelandic lessons are going - she is finding them difficult but is trying her best. When talking about the projects that we are offering she lightens up when I explain Guiding Friend. She too, is eager for a connection: a person she can have a coffee with every now and then, someone who will simply get her out of the house during the dark days while she gets used to the different climate.

These experiences make me realize why I came to Iceland in the first place. I, too, was looking for a way to connect to others. This volunteering is allowing me to do so while I put many things into perspective and simultaneously grow in countless aspects. During work hours I find myself in a safe space to present ideas and learn, while also being able to use my skills for something useful; and at home I am surrounded by other volunteers who share with me their own cultures and with whom I laugh and explore Iceland.

All in all, connection is not something that can be found easily. However, every day I discover new ways in which it can manifest itself and see that a lot of it comes down to two things: the outtake on life you decide to have and, most importantly, the people that surround you. ✚

Kvennadeild

Markmið deildarinnar hefur frá upphafi verið að bæta líðan aldraðra og sjúkra. Félagar í deildinni eru um 75 talsins.

Kvennadeildin hefur ekki getað starfrækt **bókaþjónustu** á Dvalarheimilinu Grund, Landakoti eða á Hjúkrunarheimilinu Mörkinni eins og gert var fyrir heimsfaraldurinn. Þá er ekki búist við að hægt verði að taka þjónustuna upp aftur á sama formi. Sjálfboðaliðar, sem sinntu þessari þjónustu, hafa tímabundið tekið að sér sjálfboðastörf í sölubúðum Kvennadeildarinnar á spítölunum á meðan verið er að leita að nýjum verkefnum.

Sjálfboðaliðar í **prjónahóp** Kvennadeildarinnar, sem venjulega hittast á hverjum fimmtudegi í húsnæði Rauða krossins í Efstaleitinu, hafa komið saman á árinu og prjónað þegar samkomutakmarkanir hafa gefið svigrúm til þess. Sjálfboðaliðar hafa sem fyrr unnið heima við ýmsa handavinnu og skilað til deildarinnar ýmist fyrir verkefni Frú Ragnheiðar eða til sölu í verslunum deildarinnar. Á árinu var lögð meiri áhersla á að selja handverkið í sölubúðum deildarinnar auk þess sem það er selt á jólabasarnum sem haldinn var í nóvember.

Sölubúðir og sjálfsalar Kvennadeildar eru sem fyrr reknar á Landspítalanum við Hringbraut og í Fossvogi. Auk þess er deildin með sjálfsala á Grensásdeild, á Landakoti og á Eiríksstöðum, nýrri göngudeild Landspítala. Sölubúðirnar og sjálfsalar deildarinnar eru helstu fjáraflanir deildarinnar og standa undir öllum kostnaði hennar. Miklar endurbætur voru gerðar á sölubúð Kvennadeildarinnar á Landspítalanum í Fossvogi á árinu. Þar var málað, settar upp nýjar hillur, lagt nýtt rafmagn sem og nýtt gólfefni, auk þess var loftræstikerfi endurnýjað. Ekki hefur þurft að loka búðunum aftur á árinu vegna faraldursins, enda er öllum sóttvarnarreglum fylgt. Sjálfboðaliðar sjá að mestu um afgreiðslu í sölubúðunum og mæta þeir í 2-4 tíma á dag, sumir hálfsmánaðarlega og aðrir 2-3 sinnum í viku.

Hinn árlegi **jólabasar** var haldinn í nóvember að þessu sinni og þar voru seldar kökur í úrvali auk handverks sem unnið hefur verið af sjálfboðaliðum deildarinnar. Í ár voru einnig vörur til sölu frá prjónahópnum í Mosfellsbæ, en þar hittast sjálfboðaliðar og prjóna saman á miðvikudögum kl 13:00-16:00. Samstarf prjónahópanna tveggja er afar ánægjulegt.

Styrkir Kvennadeildarinnar

Árið 2021 var ágóði af jólabasarnum 2020 og minningarkortum Kvennadeildar afhentur Víðsýn - Ferðafélagi Vinjar. Þá er samningur á milli Kvennadeildar og Landspítala um afnot af húsnæði fyrir verslunarrekstur gegn styrk til öldrunardeildar spítalans. Öldrunardeildinni á Landakoti var færður lífsmarkamælir og einnig hjartalínutæki. ✚

Við afhendingu styrks til ferðafélagsins Víðsýnar. Halldóra Ásgeirsdóttir, Viðar H. Eiríksson og Ingi Hans Ágústsson. *Ljósm. Sigrún Jónsdóttir*

Starfið okkar í Mosfellsbæ

Í gulu fallegu húsi við Þverholt 7 í Mosfellsbæ, má finna húsnæði Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu. Í venjulegu árferði, þegar samkomutakmarkanir setja ekki strik sitt á hið daglega amstur, má gjarnan finna húsið fullt af lífi. Þar eru haldin skyndihjálparnámskeið og námskeið fyrir börn og ungmenni sem vilja fræðast um starf Rauða krossins og bæta við sig þekkingu í fyrstu hjálp.

Prjónahópurinn

Síðastliðið ár hefur hópur kvenna þó ekki látið sig vanta, þær koma saman á miðvikudögum, prjóna saman og ræða málin. Prjónlesið sem verður til er ýmist gefið í verkefni Rauða krossins og hafa skjólstæðingar Frú Ragnheiðar og börn flóttamanna notið góðs af. Einnig hafa þær selt vörurnar á mörkuðum og jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins. Þá hafa þær saumað burðarpoka og selt í góðu samstarfi við Mosfellsbakarí.

Prjónahópurinn hittist á miðvikudögum milli kl. 13:00-16:00.

Hópstjóri er sjálfboðaliðinn Halla Mjöll Hallgrímsdóttir.

Skiptifatamarkaður

Það sama má segja um sjálfboðaliðana Önnu og Kötlu sem stóðu fyrir skiptibarnafatamarkaði í Þverholtinu þegar samkomutakmarkanir leyfðu. Á skiptifatamarkaði er hægt að koma með notuð föt í skiptum fyrir önnur. Þar er hægt að skipta peysu sem er orðin of lítil fyrir úlpu eða skipta buxum fyrir stígvél, svo dæmi séu tekin.

Skiptifatamarkaðurinn er bæði umhverfisvæn og hagkvæm leið fyrir barnafólk til að eignast góð og nýtanleg föt án þess að þurfa að leggja pening út fyrir því.

Skiptifatamarkaðir eru auglýstir á Facebooksíðu Rauða krossins og í Mosfellingi, bæjarblaði Mosfellinga.

Hópstjórar skiptifatamarkaðsins eru þær Anna Heiðberg og Katla Kristín Ófeigsdóttir.

Prjónahópurinn hefur komið saman þegar samkomutakmarkanir hafa gefið færi til.
Ljósm. Halla Mjöll Hallgrímsdóttir

Sjálfboðaliðarnir á skiptifatamarkaðnum þær Anna Heiðberg og Katla Kristín Ófeigsdóttir.
Ljósm. Marín Þórsdóttir

Frú Ragnheiður

Árið 2021 var um margt viðburðaríkt í Frú Ragnheiði, sem og samfélaginu öllu. Covid-19 hélt áfram að hafa áhrif á líf landsmanna og var Frúin þar ekki undanskilin. Hún hélt þó sínu striki og hélt úti fullri þjónustu allt árið – þökk sé öllu því öfluga fólki sem að starfinu stendur – jafn öflugur hópur sjálfboðaliða er vandfundinn. Það var margt jákvætt sem gerðist á árinu og ber þar hæst að nefna nýja bílinn sem safnast hafði fyrir árið áður. Nýja Frú Ragnheiður var tekin í notkun í júní og af því tilefni kom forseti vor, Guðni Th. Jóhannesson og vígði bílinn við hátíðlega athöfn.

Grundvallarmarkmið Frú Ragnheiðar hafa lítið breyst í gegnum árin. Verkefnið þjónustar einstaklinga sem nota vímuefni í æð og/eða eru heimilislausir, það er gert í sjálfboðnu starfi þar sem unnið er eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði á stórhöfuðborgarsvæðinu. Út frá þessari hugmyndafræði hafa svo orðið til fjölbreytt undirmarkmið til að mæta þörfum notenda okkar en þeir ráðleggja sjálfboðaliðum okkar daglega um hvernig við getum gert betur.

Frú Ragnheiður starfar einnig eftir áfallamiðaðri nálgun sem þýðir að tekið er tillit til ólíkra aðstæðna einstaklinga og þeim mætt þar sem þeir eru staddir hverju sinni, á þeirra eigin forsendum í öruggu rými. Frú Ragnheiður hefur jafnframt lagt áherslu á notendamiðað samráð, virka hlustun og sálrænan stuðning á vettvangi. Þá hefur eitt af aðalmarkmiðunum verið að veita ungmennum á aldrinum 18-25 ára og konum sérstaka eftirfylgd og aðstoð við að sækja sér viðeigandi þjónustu óski þau þess. Frú Ragnheiður er oft fyrsta snerting einstaklinga við kerfið og fyrsti vettvangurinn sem einstaklingar opna sig um þá stöðu sem þeir eru í og þær aðstæður sem þeir búa við. Með það mikilvæga en jafnframt brothætta traust að leiðarljósi, höfum við þróað sérhæft sjálfboðaliðaverkefni þar sem bæði félags- og heilbrigðisþjónusta er veitt í nærumhverfi einstaklinga.

Þjónusta Frú Ragnheiðar 2021

Árið 2021 leituðu 592 einstaklingar til Frú Ragnheiðar og verkefnið kynntist rúmlega 152 nýjum notendum í bílnum á árinu. Heimsóknafjöldi Frú Ragnheiðar jókst einnig frá síðasta ári um 7%, en heimsóknirnar voru í heildina 4.694 talsins. Stöðug aukning hefur verið á heimsóknum í Frú Ragnheiði frá upphafi og var árið 2021 þar engin undantekning. Frá árinu 2019 hefur heimsóknafjöldi notenda þjónustunnar aukist um rúmlega 12% og fjöldi notenda um rúmlega 13%.

Meðalfjöldi heimsókna á hverri vakt jókst einnig en árið 2021 var meðalfjöldi heimsókna á vakt 15. Það þýðir að á rúmlega fjórum klukkutímum keyrir Frú Ragnheiður um allt stórhöfuðborgarsvæðið án fastrar viðveru og hittir 15 einstaklinga að meðaltali á hverri vakt víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Frú Ragnheiður sinnir ekki einungis skaðaminnkun gagnvart notendum sínum heldur einnig gagnvart samfélaginu í heild með því að farga notuðum sprautubúnaði. Árið 2021 fargaði verkefnið 3.377 lítrum af notuðum sprautubúnaði sem er þó heldur minna en árið á undan.

Konur eru nú rúmlega þriðjungur þeirra sem leita til Frú Ragnheiðar - 206 konur leituðu til Frúarinnar 2021 sem er svipað hlutfall og árið áður. Verkefnið hefur lagt sérstaka áherslu á að ná til jaðarsettra kvenna síðustu ár sem falla á milli í opinberum kerfum og stutt þær í að sækja þá þjónustu sem þær þurfa á hverjum tíma og ávallt á þeirra forsendum. Ungmenni á aldrinum 18-25 ára hafa einnig fengið sérstaka eftirfylgd hjá Frú Ragnheiði síðustu ár.

Vert er að taka fram að á hverjum tíma eru notendur þjónustu okkar í virku samráði við verkefnið um þróun þess og nokkrir þeirra skilgreindir sem ráðgjafar Frú Ragnheiðar. Þessir einstaklingar eru skráðir sjálfboðaliðar hjá Frú Ragnheiði og sinna einnig málsvarastarfi, veita verkefninu upplýsingar og taka virkan þátt í að fræða sjálfboðaliða verkefnisins. Boðið er upp á fjölbreytta þjónustu í Frú Ragnheiði til að reyna að mæta þörfum notenda á heildrænan hátt.

Árið 2021 hélt nálaskiptaþjónustan áfram að vega þyngst og var hún veitt í 75% heimsókna. Sálrænn stuðningur og næring skipuðu einnig stóran sess en í 52% tilfella var veittur sálrænn stuðningur og í 90% tilfella þáðu notendur matargjafir en þessir tveir þættir haldast í hendur og skapa matargjafirnar oftar en ekki vettvang þar sem hægt er

Hörður Jónsson sjálfboðaliði hljóp í Laugavegshlaupinu ultra marathon til styrktar Frú Ragnheiði síðast liðið sumar.

152 NÝIR EINSTAKLINGAR KOMU Í BÍLINN 2021

Minningarsjóður Lofts styrkti kaup nýrri bifreið fyrir verkefnið Frú Ragnheiður með myndarlegum hætti. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar billinn fór í sína jómfrúarferð. Á myndinni eru þau Elísabet Brynjarsdóttir þá verandi hjúkrunarfræðingur Frú Ragnheiðar, Gunnar Hilmarssyni fyrir hönd Minningarsjóðs Lofts og Guðna Th forseti. *Ljósm. Gunnlaugur Bragi Björnsson*

að opna á samtöl og veita þannig sálrænan stuðning. Sérhæfð heilbrigðisþjónusta okkar var veitt í um 14% heimsókna eða 667 sinnum. Hún felst sem fyrr fyrst og fremst í meðferð sára og sýkinga sem koma vegna notkunar vímuefna í æð. Sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er á vettvangi einskorðast þó ekki við þetta heldur felur einnig í sér þjónustu á borð við samtalsmeðferðir, ráðleggingar vegna heilbrigðistengdra vandamála, stuðning við að komast í blóðprufur og fleiri breytur sem hafa ekki verið mældar sérstaklega hingað til. Þá leitar ákveðinn hópur þjónustuþega Frú Ragnheiðar frekar til verkefnisins á daginn og fær sá hópur þá gjarnan tilvísun og/eða fylgd á göngudeild smitsjúkdóma en aukið samstarf hefur átt sér stað við þá einingu með gríðarlega góðum árangri. Skaðaminnkandi samtal og ráðgjöf fóru fram í um 20% heimsókna.

SÁLRÆNN STUÐNINGUR ER VEITTUR Í

52%

HEIMSÓKNA Í BÍLINN

Sjálfboðaliðar Frú Ragnheiðar – sjálfbærni í sjálfboðnu starfi

Á bakvið Frú Ragnheiði stendur fjölbreyttur hópur sjálfboðaliða. Árið 2021 voru um 100 virkir sjálfboðaliðar á hverjum tíma sem sáu um að manna vaktir í bílnum, bakvaktir lækna, sækja næringu til fyrirtækja, halda utan um tölfræði verkefnisins, viðhald bílsins, fjáröflun og móttöku á hlýjum fatnaði fyrir skjólstæðinga okkar. Sjálfboðaliðum Frú Ragnheiðar hefur tekist hið nær ómögulega – að starfrækja sérhæfða heilbrigðisaðstoð í sjálfboðnu starfi í miðjum heimsfaraldri þrátt fyrir ýmsar áskoranir og samfélagslegar takmarkanir.

Þessi gríðarlega öflugi hópur sjálfboðaliða sem samanstendur af alls konar einstaklingum með mismunandi menntun og lífsreynslu hefur haldið verkefninu uppi og gert það að verkum að þjónusta Frú Ragnheiðar hefur haldist nær óskert allt árið 2021 og frá því að faraldurinn hófst 2020.

Framlag hvers og eins er einstakt enda styrkleikarnir ólíkir. Þá er gaman að segja frá því að Hörður Jónsson sjálfboðaliði gerði sér lítið fyrir og tók þátt í

Sjálfboðaliðarnir Jón Bergson, Sigrún Stefánsdóttir og Villimey Líf Friðriksdóttir tilbúin fyrir vakt í verkefninu Frú Ragnheiður.
Ljósm. Gunnlaugur Bragi Björnsson

Kristín Davíðsdóttir nýr verkefnastjóri Frú Ragnheiðar með hópi sjálfboðaliða í skimunarverkefninu.

Laugavegshlaupinu í júlí - Laugavegur Ultra Marathon - til styrktar Frú Ragnheiði.

Þá tóku nokkrir sjálfboðaliðar þátt í samstarfsverkefni Frú Ragnheiðar og IceMedica sem fólst í því að taka þátt í að skima hópa á vinnustöðum og í fyrirtækjum fyrir Covid-19. Þátttaka var góð og söfnuðust 525.000.- kr.

En það var fleira sem gerðist á árinu. Í júní rann loksins upp sú stóra stund að nýja Frú Ragnheiður var tekin í notkun við hátíðlega athöfn þar sem forseti vor, Guðni Th. Jóhannesson, kom og vígði bílinn. Um svipað leyti lét Elísabet verkefnastýra og hjúkrunarfræðingur af störfum en ný verkefnastýra, Kristín Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur, tók við af henni.

Öruggari rekstrargrundvöllur

Á síðari hluta ársins bárust þau ánægjulegu tíðindi að árið 2022 fengist í fyrsta skipti föst greiðsla frá Sjúkratryggingum Íslands sem myndi duga fyrir rekstri heilbrigðistengds hluta rekstrar Frú Ragnheiðar. Auk þessa fengust þó ýmsir smærri styrkir frá frjálsum félagasamtökum og öðrum velunnurum sem og opinberum aðilum.

Í lok árs barst síðan óvæntur styrkur frá fjársterkum aðilum sem óskuðu nafnleyndar. Þeir munu styrkja verkefnið um 3.000.000.- á ári næstu 3 árin auk þess sem þeir munu leggja 2.000.000.- í það verkefni að hefja dreifingu á Naloxone nefúða (Nyxoid) til notenda þeim að kostnaðarlausu. Styrkir sem þessir eru ómetanlegir í málsvarastarfi sem þessu.

Jól og áramót 2021

Frú Ragnheiður hefur síðustu ár keyrt sex kvöld vikunnar. Árið í ár var engin undantekning en að frumkvæði sjálfboðaliða var bætt við vakt á jóladag,

Nýtt verkefni:

Ylja - Neyslurými

Síðasta ár fór í skipulagningu á nýju verkefni tengdu skaðaminnkun. Með tilkomu nýs bíls Frú Ragnheiðar skapaðist tækifæri á að nýta eldri bíl verkefnisins sem færanlegt neyslurými fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æð.

Verkefnið fer af stað í febrúar 2022 og er þetta fyrsta neyslurýmið á Íslandi. Verkefnið er kostað af Sjúkratryggingum Íslands sem sömdu við Reykjavíkurborg sem síðar samdi við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu til framkvæmdar. Hefur verkefnið hlotið nafnið Ylja – Neyslurými en var nafnið valið í samráði við sjálfboðaliða og notendur Frú Ragnheiðar. Neyslurými hafa verið starfrækt víða í heiminum og leitt af sér mikinn samfélagslegan ávinning.

Neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem neytendur 18 ára og eldri geta sprautað ávana- og fíkniefnum í æð undir eftirliti sérhæfðs starfsfólks og gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna.

Einstaklingar sem nota vímuefni hafa oft ekki öruggan stað til að vera á og til þess að neyta þeirra. Oft er eini kosturinn í boði að nota vímuefni á almannafæri sem felur í sér ótryggar aðstæður og skort á hreinlæti. Með því að veita öruggan og hreinan stað til að neyta vímuefna er hægt að tryggja bætt öryggi til notenda sem og samfélagsins. Ylja - neyslurými gagnast því ekki aðeins þeim einstaklingum sem nota ávana- og fíkniefni, heldur einnig fjölskyldum þeirra, nærsamfélagi og samfélaginu í heild sinni.

Ylja er færanlegt neyslurými sem notast við gamlan bíl Frú Ragnheiðar. Ylja verður starfandi 5 daga vikunnar frá mánudögum til föstudaga frá kl. 10:00-16:00 en á þeim tíma eru úrræði eins og neyðarskýli lokuð. Neyslurýmið Ylja vinnur að því að veita skaðaminnkandi og áfallamiðaða nálgun sem felur meðal annars í sér að veita einstaklingum öruggan og rólegan stað til að neyta vímuefna á öruggan máta. Markmið Ylju eru að draga úr og koma í veg fyrir þann skaða sem vímuefnaneysla í óöruggum aðstæðum getur haft í för með sér, má þar nefna sýkingar, blóðborna smitsjúkdóma og ofskammtanir. Ylja leggur einnig áherslu á að mynda traust, veita stuðning og viðhalda mannlegri reisn hjá notendum úrræðisins.

Auk öflugra sjálfboðaliða mun hjúkrunarfræðingurinn Margrét Dís Yeoman og þroskaþjálfinn Villimey Líf Friðriksdóttir leiða verkefnið í samvinnu við skaðaminnkunarteymi Rauða krossins.

sem bar upp á laugardag í ár. Sjálfboðaliðar Frú Ragnheiðar stóðu því vaktina jól og áramót 2021 og fögnuðu með notendum þjónustunnar á viðeigandi hátt með heitum máltíðum, jólagjöfum og sönnum hátíðaranda.

Horft fram á við

Árið 2022 gefur fullt tilefni til bjartsýni enda ýmsar breytingar framundan innan skaðaminnkunar. Frá og með áramótum verður teymi skaðaminnkunar Rauða krossins mannað fjórum starfsmönnum í stað tveggja líkt og verið hefur undanfarin ár – þær Margrét Dís Yeoman hjúkrunarfræðingur og Villimey Líf Friðriksdóttir þroskaþjálfi bætast í hópinn í janúar 2022. Fyrirhugað er að færanlegt neyslurými fari af stað í febrúar, að hafin verði dreifing Naloxones til notenda og frumvarp um afglæpavæðingu neysluskammta er einnig á döfinni.

Færanlega neyslurýmið á sér fyrirmynd frá Danmörku sem gengur undir nafninu Fixelance.
Ljósm. Marín Þórsdóttir

Vin, fræðslu- og batasetur

Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir. Eitt helsta hlutverk Vinjar er að draga úr einangrun og byggja upp félagslegt, jákvætt og fordómalaust umhverfi. Lögð er áhersla á fræðslu- og batamiðuð verkefni til að efla virkni og mæta þörfum þeirra einstaklinga sem sækja Vin með tilliti til þarfa og áhuga hvers og eins. Mikil áhersla er á einstaklingsmiðaða nálgun og felst stór hluti starfseminnar í aðstoð og stuðningi til að sinna ýmsum þáttum daglegs lífs sem getur verið mikil áskorun fyrir fólk með geðfötlun.

Í kjölfar úttektar sem Rauði krossinn gerði á því hvar kreppti mest að í samfélaginu var Vin stofnað 1993 og var rekið af Rauða krossinum þar til Reykjavíkurborg tók alfarið við rekstrinum 1. júlí 2021. Yfirfærsla á rekstrinum gekk afar vel enda var reynt að undirbúa yfirfærsluna eins vel og kostur var. Helstu merki þess að vel hafi tekist til er að gestir Vinjar urðu ekki fyrir óþægindum og ekki varð vart við óöryggi hjá þeim.

Starf Vinjar er litað af hugmyndafræði Rauða krossins þar sem hlutleysis, mannúðar og mannvirðing er höfð að leiðarljósi. Gestir upplifa því öryggi og heimilislegt umhverfi í Vin. Markmiðið er að hvetja til einstaklingsmiðaðrar batastefnu án kröfu um ákveðna leið í þeim bata. Það veganesti mun fylgja starfsemi Vinjar og er góður skilningur á þessum hugmyndafræðilegu lykilatriðum hjá ráðamönnum borgarinnar.

Tölulegar upplýsingar

Konur eru í sókn og eru nú um 30% gesta.

Virkni á viðburði eins og húsfundi, út að borða, dagsferðir, ferðalög o.fl. telur að jafnaði um og yfir 20 gesti.

Á bilinu 12 til 18 sækja Vin á sunnudögum yfir haust og vetrartíma.

Fátt getur komið í stað mannlegra samskipta og þess að finna að hver og einn skiptir aðra máli, en gestir Vinjar hafa myndað innbyrðis góð tengsl og líta á Vin sem öruggan stað.

Algengt er að aðstoða þurfi gesti Vinjar vegna samskipta við heilbrigðisþjónustu og ýmsar stjórnsýslustofnanir þar sem margir gestanna eru einstæðingar án stuðningsnets. Nokkrir veigra sér við að leita eftir þjónustu sem þeir eiga rétt á og oft reynist þeim erfitt að nýta sér þá sem í boði er þar sem ekki er hægt að reiða sig á að viðkomandi þjónustuaðili hafi fengið viðeigandi þjálfun.

Starfsemi Vinjar

Vegna Covid-19 og þeirra samkomutakmarkana sem að því hlaust var árið 2021 mikil áskorun fyrir starfsemi Vinjar, en

Vin á Hverfisgötunni í vetrarham.

þó gekk betur en árið á undan. Skipulag á sóttvörnum var hnitmiðað og mikil áhersla var á að halda rútínu og vera til staðar fyrir þau sem komu í heimsókn.

Áhersla var lögð á að halda áfram með allt það allra mikilvægasta í starfseminni. Ber þá helst að nefna samverustundir, hádegisverð, geðklofafundinn og aðra fasta liði. Þessi nálgun hefur gert starfseminni kleift að halda áfram að valdefla gesti Vinjar sem er afar mikilvægt. Þá er aðdáunarvert að sjá þá seiglu og þann sveigjanleika sem gestir Vinjar sýndu í þessum ólgusjó sem faraldurinn hefur verið.

Yfirfærslan til borgarinnar var áskorun fyrir allt starfsfólk Vinjar, ný verkefni lágu fyrir og eldri breyttust. Í september tók Vin á móti Unglingasmiðjunni Stíg og Unglingabrúnni í húsi Vinjar. Þau sem

Tölulegar upplýsingar

Í Vin eru fjögur stöðugildi sem fimm starfsmenn sinna.

Um 100 einstaklingar sækja Vin og 70% þeirra mættu vikulega eða oftar.

Um 80% gesta eru miðaldra og eldri og um 80% glíma við þunga geðfötlun s.s. geðklofa og geðhvörf.

Um 20 gestir neyta heimilismáltíða saman virka daga í samveru í Vin en u.þ.b. 40 eru á skrá sem matargestir.

Ferðafélagið Víðsýn ferðaðist innanlands í sumar. Hér er hópurinn á Ísafirði eftir velheppnaða skoðunarferð

sækja þessi úrræði eiga margt sameiginlegt með gestum Vinjar og er það von okkar sem að Vin standa í dag að sá hópur muni einnig njóta góðs af heimilislegu umhverfi og góðu aðgengi fyrir fólk með geðrænar áskoranir.

Dagskrá Vinjar

Mikil áhersla er lögð á að dagskrá Vinjar sé valkvæð þar sem of mikill þrýstingur getur valdið neikvæðu álagi á einstaklinga með þungar geðraskanir. Almennt eru gestir hvattir til að taka virkan þátt í ákvarðanatöku og framkvæmd dagskrár. Áhrif heimsfaraldurs árið 2021 voru óveruleg og öll dagskrá gekk vel og snurðulaust. Ferðafélagið Víðsýn stóð fyrir dagsferðum og fór fjölmennur hópur gesta Vinjar í þrjár slíkar ferðir auk fjögurra daga ferðalags um Vestfirði. Vinaskákfélagið náði að halda nokkur skákmót á staðnum en virknin var meiri á netinu en áður. Sunnudagsdagskrá yfir haust- og vetrarmánuði með sjálfboðaliðum gekk nokkuð vel upp.

Samstarf og þekkingaröflun

Sjálfboðaliðar hafa frá upphafi verið stór og mikilvægur þáttur í starfsemi Vinjar. Sjálfboðaliðar hafa fært með sér líf og tilbreytingu í húsið og lagt mikið af mörkum til að skapa grundvöll fyrir sveigjanleika og fordómaleysi auk þess sem veran í Vin hefur verið dýrmæt persónuleg reynsla fyrir þá sem hér hafa starfað sem sjálfboðaliðar.

Í Vin er öflugt skástarf.

Halldóra Pálsdóttir forstöðumaður Vinjar á góðri stundu í Vin á tímum Covid-19.

Fyrir hönd Vinjarteymisins og gesta Vinjar þakka ég Rauða krossinum heilshugar fyrir samfylgdina og sérstaklega fyrir sjálfboðaliðana sem hafa unnið ómetanlegt starf hér í Vin og átt stóran þátt í að skapa þá menningu sem gerir Vin einstaka. ✚

Halldóra Pálsdóttir, forstöðumaður Vinjar

Kvöldvaka á Hótel Ísafirði.

Í Vin funda gestir og starfsmenn reglulega, þannig hentar starfið þeim best sem þangað sækja.

Reykjavík 21.01.2022

Þakkir til Rauða krossins

Garðar Sölvi Helgason. Ljósm. Ómar Óskarsson

Ég undirritaður vil þakka Rauða krossi Íslands fyrir þau ár sem samtökin sáu um rekstur Vinjar, Fræðslu- og bataseturs að Hverfisgötu 47.

Markmið Vinjar var og er að rjúfa félagslega einangrun geðfatlaðra.

Ég byrjaði að sækja Vin 1999. Geðlæknirinn minn sem benti mér á Vin, áttaði sig ekki á að einhver hefði þurft að að fara með mér í fyrsta skiptið.

Lítil saga lýsir vel hverju Vin breytti fyrir mig.

Ég var greindur með geðklofa haustið 1970, 16 ára gamall.

Lengi vel skammaðist ég mín fyrir fötlun mína og fór með greininguna eins og mannsmorð.

Rukkunin fyrir félagsgjaldið í Geðhjálp var t.d. vandamál.

Gjaldkerarnir í Sparisjóði Vélstjóra, sem var minn viðskiptabanki máttu ekki vita að ég væri félagi í Geðhjálp. Ráðið við því var að fara upp í Hátún og borga reikninginn í útibúi SPRON þar sem enginn þekkti mig.

Starfsemi Vinjar hefur leitt til þess að ég er hættur að skammast mín fyrir fötlun sem ég get ekkert gert að og fæ ekki breytt. Á annað hundruð fyrirlestrar um veikindin eru að baki og út er komin bók þar sem lýst er hvernig ég tækla fötlunina.

Ég óska Rauða krossi Íslands alls hins besta í framtíðinni og þakka fyrir mig.

Með vinsemd og virðingu, Garðar Sölvi Helgason

Í júlí 2021 tók Reykjavíkurborg við rekstri Vinjar. Marín Þórsdóttir starfsmaður Rauða kossins dró niður Rauða kross fánann og Sigþrúður Árnadóttir framkvæmdastjóri hjá Reykjavíkurborg dró upp fána Reykjavíkurborgar, sem tákn um lyklaskiptin.



Sögu Garðars Sölva ritaði Ívar Rafn Jónsson.

Okkar gæfa og gleði er sú
í góðum höndum lendum.
Rauða krossinn kveðjum nú
koss og faðmlag sendum.

Viðar Hafsteinn Eiríksson

Leiðsöguvinir

Árið 2021 var eins og árið á undan erfitt ár fyrir Leiðsöguvinaverkefnið þar sem kjarni verkefnisins er að hittast og eyða tíma saman – sem er ekki alltaf auðvelt í miðjum heimsfaraldri. Þrátt fyrir áskoranir þá fengu 121 einstaklingur með alþjóðlega vernd leiðsöguvin á árinu.

Verkefnið er aðeins í boði fyrir einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á síðastliðnu ári og voru þátttakendur í verkefninu árið 2021 frá 22 mismunandi löndum, flestir frá Sýrlandi, Afganistan, Venesúela, Írak, Palestínu, Sómalíu og Nígeríu.

Sjálfboðaliðarnir eru íslenskir eða innflytjendur sem hafa verið lengi á Íslandi og þekkja land og þjóð mjög vel. Þeir þurfa að hafa náð 22 ára aldri og hafa áhuga á því að kynnast fólki frá öðrum menningarheimi, aðstoða og vera til staðar og mæta fólki þar sem það er statt án fordóma. Fyrir marga sjálfboðaliða er reynslan í verkefninu mjög gefandi og opnar sjóndeildarhring þeirra.

Á árinu 2021 kom hluti af því kvótaflóttafólki sem átti að koma árið áður en hafði verið frestað vegna Covid-19. Í september komu fjórar fjölskyldur frá Sýrlandi sem dvalið höfðu í Líbanon og í október og nóvember komu Afganir sem höfðu dvalið í Íran eða öðrum nágrannaríkjum Afganistan. Stór hluti þeirra Afgana, sem íslenska ríkið bauð að koma til landsins eftir yfirtöku Talíbana í Afganistan, er kominn til landsins en von er á fleirum á nýju ári.

Samræmd móttaka flóttafólks fór af stað á árinu 2021 og hefur hlutverk Rauða krossins í móttöku kvótaflóttafólks breyst talsvert og ýmislegt, m.a. standsetning íbúða, sem áður var í höndum Rauða krossins er nú á ábyrgð sveitarfélaganna. Nú eru fimm sveitarfélög hluti af nýja móttökukerfinu, en það eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Akureyri, Reykjanesbær og Árborg.

Rauði krossinn býður upp á Leiðsöguvinaverkefnið í öllum þessum sveitarfélögum en á árinu 2021 hófst samstarf milli höfuðborgardeildar og Rauða krossins í Árnessýslu til að styðja við Leiðsöguvinaverkefnið í Árborg.

Fatakort

Síðastliðin ár hefur Rauði krossinn gefið föt til þeirra sem búa við neyð. Fjölmennasti hópurinn sem þiggur slíka neyðaraðstoð eru einstaklingar sem nýlega hafa hlotið vernd á Íslandi og einstaklingar með börn á framfæri.

Þegar fjöldi fatakorta er skoðaður yfir árið koma berlega í ljós tveir toppar, annars vegar í mars og hins vegar í september. Fjöldi úthlutana fatakorta í mars má rekja til þess að fjöldi einstaklinga frá Venesúela fékk stöðu flóttamanns hér á landi á þessum tíma. Í september hins vegar fór að kólna í veðri og skólarnir byrjuðu. Á þessum tíma árs er þörf fyrir hlýjan fatnað, þá sérstaklega fyrir börn.

Alls voru skráðar 1.005 úthlutanir en hver úthlutun felur í sér tvö kort að verðmæti 5.000 kr. Alls úthlutaði deildin því fatakortum að verðmæti 10.005.000 kr. á árinu til einstaklinga og fjölskyldna sem búa við neyð.



Gulzhan með eiginmanni sínum Daulet. Ljósm. Ómar Óskarsson

Við komum fyrir fimm árum síðan og erum ennþá alltaf að læra eitthvað nýtt

Gulzhan og Daulet komu til Íslands fyrir fimm árum og fengu alþjóðlega vernd á Íslandi. Þau tóku þátt í leiðsöguvinaverkefni Rauða krossins á höfðuborgarsvæðinu á sínum tíma og Gulzhan hefur einnig verið sjálfboðaliði hjá félaginu. Við heyrðum í þeim í síma og spurðum þau nokkurra spurninga um verkefnin og lífið á Íslandi.

Hver var þín upplifun að vera þátttakandi í verkefninu Leiðsöguvinir?

Leiðsöguvinaverkefnið var okkur mjög hjálplegt enda þekktum við enga Íslendinga á þeim tíma. Við kynntumst konu sem heitir Linda í gegnum verkefnið og hún hjálpaði okkur með ýmis hagnýt mál og svo gerðum við ýmislegt skemmtilegt saman. Hún til dæmis kenndi okkur að nota rafræn skilríki og sýndi okkur hvar við finnum ýmsar upplýsingar, en svo ferðuðumst við einnig saman og fórum til dæmis að sjá Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Það var mjög gaman.

Linda kenndi mér einnig að prjóna og ég er nýbúin að prjóna fyrstu hefðbundnu íslensku lopapeysuna mína. Ég gerði hana fyrir manninn minn og hann er mjög ánægður með peysuna.

Við erum ennþá í sambandi við Lindu og hittumst stundum. Við erum mjög ánægð og þakklát fyrir alla hennar aðstoð og vinskap.

Nú hefur þú einnig verið sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn, hvernig var sú reynsla?

Ég byrjaði sem sjálfboðaliði í félagsverkefnum hælisleitenda, en ég var á þeim tíma að glíma við heilsufarsvanda og þurfti því miður að hætta. Ég bauð mig síðan fram á síðasta ári aftur sem sjálfboðaliði en í þetta skiptið í Rauða kross búðirnar. Það var mjög skemmtileg reynsla og hjálpaði mér mjög mikið að fá tækifæri að æfa íslenskuna. Það er í raun og veru ekki hluti af minni menningu að vinna án launa, eða í sjálfboðavinnu, en ég hugsaði til föður míns sem sagði alltaf að það væri betra að vinna eitthvað fyrir engin laun en að gera ekki neitt. Það var rétt hjá honum og þetta var dýrmæt reynsla að vera sjálfboðaliði og gaman fyrir mig að vera hluti af starfi Rauða krossins, sem ég ber mikla virðingu fyrir.

Tungumálavinir hittast gjarnan á bókasöfnum, einn klukkutíma í viku og æfa saman íslensku.
Ljósm. Margrét Gíslínudóttir

Tölum saman

Verkefnið Tölum Saman hefur verið starfandi frá því um mitt ár 2020 og er því komin töluverð reynsla á það. Markmið verkefnisins er að skapa tækifæri fyrir flóttafólk til þess að æfa sig í íslensku. Hver þátttakandi hittir sjálfboðaliða einu sinni í viku, klukkutíma í senn í sex mánuði. Yfirleitt hittast tungumálavinirnir á bókasöfnum en sumir hafa kosið að hittast frekar á kaffihúsi eða í heimahúsi.

Flest flóttafólk sem kemur til Íslands hyggst dvelja hér til lengri tíma, langar að læra tungumálið, fara í skóla og finna sér vinnu. Það er því mikilvægt en á sama tíma krefjandi verkefni fyrir flóttafólk að læra íslensku. Margir einstaklingar í þessum sporum hafa tjáð okkur að erfitt sé að finna tækifæri í daglega lífinu til þess að æfa íslenskuna sem þeir eru að læra í skólanum því hraðinn á Íslendingum sé oft mikill og ekki margir sem gefa sér tíma til að stoppa og spjalla um daginn og veginn. Verkefnið Tölum Saman gefur því fólki tækifæri til að æfa sig að spjalla á íslensku.

Þátttakendur í verkefninu þurfa að vera skráðir í íslenskunám eða námskeið því Tölum Saman er ekki hugsað sem kennsla heldur bara sem spjall. Þess vegna þarf einhvern íslenskugrunn til þess að geta tekið þátt í verkefninu. Sjálfboðaliðar sem taka þátt þurfa að hafa náð 20 ára aldri og hafa einlægan áhuga á því að hitta og kynnast manneskju með annan menningarbakgrunn og miðla um íslenskt mál og menningu.

Þrátt fyrir þær áskoranir sem fylgdu heimsfaraldrinum Covid-19 fengu 71 einstaklingur íslenskuþjálfun í Tölum Saman verkefninu á árinu 2021.

Núna hefur þú og maðurinn þinn verið hér á landi í fimm ár, hvað hefur breyst á þessum tíma?

Þetta hefur ekki verið auðvelt. Það er ekkert auðvelt líf fyrir flóttafólk eftir að það fær dvalarleyfi á Íslandi, en margt verður auðveldara með tímanum. Það eru alltaf nýjar áskoranir og við höfum lært mjög mikið á þessum tíma. Núna er ég loksins komin með vinnu og nú er ég að læra nýja hluti um skattakerfið og stéttarfélög. Það er alltaf eitthvað nýtt til að læra.

Hver eru ykkar næstu skref hér á Íslandi?

Við eigum sex ára son í Kasakstan sem við erum að reyna að koma til Íslands. Þetta er flókið ferli og alls konar lagalegar flækjur sem við erum að reyna að greiða úr. Núna bíðum við eftir svörum frá yfirvöldum en við vonum innilega að þetta gangi í gegn fljótt og hann verði komin til okkar sem fyrst. Þá fyrst verður fjölskyldan heil. Draumurinn væri ef hann gæti byrjað í skóla á Íslandi í haust og við gætum lært íslensku saman, en við eigum ennþá langt í land með tungumálið.

Starf með innflytjendum

Opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk – verkefni á árunum 2016-2021

Opið hús – stuðningur við innflytjendur var árangursríkt verkefni sem var starfrækt í fimm ár frá 2016-2021. Tilgangur verkefnisins var að veita innflytjendum aðstoð við að leysa úr hinum ýmsu hagnýtu málum.

Flóttafólk sem hafði nýlega fengið alþjóðlega vernd var stór hluti þeirra sem leituðu í Opið hús. Sjálfboðaliðar héldu verkefninu gangandi og þegar því lauk voru 30 sjálfboðaliðar virkir í verkefninu og tugir aðrir komu að því í gegnum árin.

Opið hús var haldið tvisvar í viku, tvo tíma í senn, allt árið um kring. Skjólstæðingar fengu aðallega aðstoð með húsnæðisleit, gerð ferilskráa, atvinnuleit, námsleit og önnur hagnýt mál. Húsnæðismál voru helsta úrlausnarefnið í verkefninu og þá sérstaklega fyrstu árin eftir að verkefnið fór af stað því leigumarkaðurinn var mjög erfiður á þeim tíma.

Á eftir húsnæðisleit var atvinnuleit það úrlausnarefni sem margir skjólstæðingar þurftu aðstoð með, gerð ferilskráa og atvinnuumsóknir til atvinnurekanda.

Á síðasta ári verkefnisins var starf Opins húss með öðru sniði vegna fjöldatakmarkana og fór starfsemin mestmegnis fram í gegnum netið og síma og með einstaklingsviðtölum.

Á þeim fimm árum sem verkefnið var starfrækt voru um 5.000 heimsóknir á opnunartímum og um 1.000 skjólstæðingar sem sóttu verkefnið.

Í ljósi þess að samræmd móttaka fyrir flóttafólk var sett á laggirnar árið 2021 og stofnuð var Ráðgjafarstofa innflytjenda, New in Iceland, var tekin sú ákvörðun að loka Opnu húsi.

Opið hús Rauða krossins var lagt af með tilkomu nýrrar ráðgjafastofu fyrir innflytjendur sem ber nafnið New in Iceland.

Stjórn, verkefnisstjórnir og starfsmenn í árslok 2021

STJÓRN RAUÐA KROSSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Jón Ásgeirsson	formaður
Edda Jónsdóttir	varaformaður
Sveinbjörn Finnsson	gjaldkeri stjórnar
Belinda Karlsdóttir	meðstjórnandi
Helga Sif Friðjónsdóttir	meðstjórnandi
Herdís Rós Kjartansdóttir	meðstjórnandi
Ólafur Ingólfsson	meðstjórnandi
Orri Gunnarsson	varamaður
Svanhildur Konráðsdóttir	varamaður

STJÓRN KVENNADEILDAR

Halldóra Ásgeirsdóttir	formaður
Laufey Kristjónsdóttir	varaformaður
Sigrún Jónsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Vala Rós Ingvarsdóttir	ritari
Eygló Dóra Garðarsdóttir	meðstjórnandi
Eygló Halla Ingvarsdóttir	meðstjórnandi
Elínborg Einarsdóttir	meðstjórnandi
Guðrún Kristinsdóttir	varamaður
Jórunn Árnadóttir	varamaður
Kristín Jónsdóttir	varamaður

Stjórn Rauða krossins í Reykjavík þakkar eftirtöldu starfsfólki sem lét af störfum á árinu:

Elísabet Brynjarsdóttir, María Rut Beck, Pimm Tjelke Westra og Þorsteinn Valdimarsson.

Þá vill stjórn þakka starfsmönnum Vinjar fyrir ómetanleg störf í þágu fólks með geðraskanir og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi Reykjavíkurborgar: Halldóra Pálsdóttir, Viðar Hafsteinn Eiríksson, Ingi Hans Ágústsson, Sabrina Olivia Meyns, Silvia Vladimirova Raitscheb og Erick Ivan Ruiz Sald.

STJÓRN MÚLABÆJAR OG HLÍÐARBÆJAR

Sigurveig H. Sigurðardóttir (Rauða krossinum)	formaður
Dagný Erna Lárusdóttir (SÍBS)	varaformaður
Ólafur Örn Ingólfsson (FEB)	
Sigurjón Einarsson (SÍBS)	
Pétur Þorsteinsson (Rauða krossinum)	
Gunnhildur Hlöðversdóttir (SÍBS)	varamaður
Laufey Kristjónsdóttir (Rauða krossinum)	varamaður
Guðrún Árnadóttir (FEB)	varamaður

RITSTJÓRN ÁRSSKÝRSLU

Marín Þórsdóttir

ESC SJÁLFBOÐALIÐAR

Karla Isabel Johnson	sjálfboðaliði í málefnum flóttafólks

STARFSMENN RAUÐA KROSSINS Á HÖFUÐBORGARSV.

Aníta Runólfsdóttir	bakvaktir - Frú Ragnheiður
Guðrún Jósafatsdóttir	starfskona í verslun
Hafrún Elísa Sigurðardóttir	sérfræðingur Frú Ragnheiðar
Jordi Cortes	verkefnafulltr. í málefnum flóttafólks
Kristín Davíðsdóttir	verkefnastj. og hjúkr.fr. Frú Ragnheiðar
Marín Þórsdóttir	deildarstjóri
Sigrún Erla Egilsdóttir	í leyfi
Sonja Kristín Sverrisdóttir	verslunarstjóri sölubúðar í Fossvogi
Sóley Ómarsdóttir	teymisstjóri í málefnum flóttafólks
Úlfhildur Ólafsdóttir	verkefnastjóri í málefnum flóttafólks

GRUNDVALLARHUGSJÓNIR

Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólginn í markmiðunum sjö um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfboðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfboðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

MANNÚÐ

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

ÓHLUTDRÆGNI

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

HLUTLEYSI

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

SJÁLFSTÆÐI

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA

Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

EINING

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

ALHEIMSHREYFING

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.